



Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Kópavogi 4. desember 2020.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um rétt barna til að þekkja uppruna sinn, 192. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 11. nóvember 2020 þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að þekkja uppruna sinn, 192. mál á 151. löggjafarþingi.

Í tillögunni er lagt til að dómsmálaráðherra verði falið að undirbúa lagabreytingu sem tryggi að börn sem getin eru með tækniþróvgun og kynfrumugjöf eigi rétt á upplýsingum um uppruna sinn. Frumvarp þessa efnis verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í janúar 2021.

Í greinargerð kemur fram að tillaga þessi var fyrst fullt á 141. löggjafarþingi og síðan endurflutt á 146., 147., 148., 149. og 150. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Hún er nú endurflutt nær óbreytt.

Í tillögunni felst að dómsmálaráðherra verði falið að undirbúa lagabreytingu sem tryggi að börn sem getin eru með tækniþróvgun, gjafaeggja eða gjafasæði eigi rétt á upplýsingum um uppruna sinn. Hérlendis eigi börn sem getin eru með þessum hætti ekki sjálfstæðan rétt á að fá upplýsingar um hver kynfrumugjafinn er ef notað er gjafaegg eða gjafasæði og kynfrumugjafinn krefst nafnleyndar, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um tækniþróvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996.

Þegar lög nr. 55/1996 voru til meðferðar á Alþingi var nokkuð tekist á um nafnleynd kynfrumugjafa. Ofan á varð sú niðurstaða sem fyrir liggur, að nafnleynd er virt óski kynfrumugjafi eftir því. Á þeim tæpa aldarfjórðungi sem liðinn er síðan hefur afstaða til nafnleyndar í þessu sambandi breyst. Þá hafa verið lögfest skýr ákvæði í barnalög nr. 76/2003 um rétt barna til að þekkja báða foreldra sína, sbr. 1. gr. a laganna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sem geymir sömuleiðis þennan rétt barna hefur verið lögfestur hér á landi með lögum nr. 19/2013. Lí telur því að endurskoðun sú sem þessi tillaga til þingsályktunar leggur til sé löngu tímabær. Lí telur á hinn bóginn eðlilegt að þessi endurskoðun verði á ábyrgð heilbrigðisráðherra enda heyra lög nr. 55/1996 undir heilbrigðisráðherra en ekki dómsmálaráðherra.

Með þessari breytingu sem og þeirri að gefa þarf rýmri tíma til endurskoðunarinnar en tillagan tilgreinir, leggur Lí að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Verði eftir því óskað er Lí að sjálfsögðu tilbúið til að senda fulltrúa félagsins á fund velferðarnefndar til að ræða þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Lí,

Reynir Arngrímsson, formaður